

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Bráðabirgðalög, er banna að flytja vopn og skottföng frá Íslandi til Kína, undirskrifuð af konungi 15. ágúst 1900 (A, nr. 24, bls. 116—117).

Auglýsing um pest í Glasgow o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. september 1900 (A, nr. 25, bls. 117—118).

Auglýsing

um

kosning til alþingis á þingmanni fyrir Strandasýslu.

126

14. nóvbr.

Með því að kosning sú til alþingis, sem fram átti að fara í Strandasýslu í septembermánuði síðastliðnum, fórst fyrir sökum óveðurs hinn ákveðna kjördag, hefi jeg samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. septbr. 1877 kveðið svo á um, að kosning á einum þingmanni fyrir nefnda sýslu til alþingisfarar, skuli fram fara í maímánuði næsta ár.

Fyrir því skipa jeg svo fyrir, að á nefndum tíma — í maímánuði n. á. — skuli kosning til alþingis framfara í tjeðri sýslu samkvæmt því, sem fyrir er mælt um í umgetnum kosningarlögum.

Þetta kunnngjörst hjermeð til eptirbreytni.

Reykjavík 14. nóvbr. 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 127
amtinu um sveitarstyrk veittan tveim ómögum. — Í brjefi yðar, dag- 8. nóv.
settu 21. júní þ. á., hafði þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi með fylgi-
skjölum frá hreppsnefndinni í Norðfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu, þar sem hún
áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 8. nóvbr. f. á., um kröfu nefnds hrepps
á hendur Ljósavatnshreppi í Þingeyjarsýslu um styrk veittan handa 2 börnum
Friðfinns nokkurs Halldórssonar, sem sveitlægur er í síðarnefndum hreppi. Mál-
ið er svo vaxið:

Þann 27. nóvbr. 1893 ákvað hreppsnefndin í Norðfjarðarhreppi að veita
Sveini nokkrum Sveinssyni í Hellisfirði sveitarstyrk, samkvæmt beiðni hans, til
framfærslu honum og hyski hans, en á heimili hans voru 7 manns að honum
sjálfum meðtöldum, þar á meðal tvö dótturbörn hans skilgetin, börn Friðfinns
Halldórssonar, sem vitanlegt var, að framfærslusveit átti í Ljósavatnshreppi.
Á umgetnum fundi sínum ákvað hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps, að af 102 kr.
46 a. af sveitarsjóði til að kaupa fyrir matbjörg, sem þegar áður á sama far-
dagaári vöfðu verið veittar Sveini þessum, og af 60 kr., sem ákveðið var á
fundinum að veita honum fyrir þann tíma, sem eptir var af fardagaárinu, eða
af samtals 162 kr. 46 a., sem veitt var handa heimili þessu fardagaárið 18⁹³/₉₄,
skyldu ²/₇, eða 46 kr. 42 a., taldir veittir handa umgetnum tveim börnum Frið-

27. dag nóvembermánaðar 1900.

127 8. nóv. finns gegn endurgjaldi af framfærslusveit föðurins, Ljósavatnshreppi. Um þessa styrkveiting sendir hreppsnefndin í Norðfjarðarhreppi enga tilkynning fyrir en um leið og hin umræddu börn eru send á sveit sína, en það var 27. júlí 1894. Þá skrifar hreppsnefnd þessi loks sýslumanni sínum og krefst borgunar á áðurnefndum 46 kr. 42 a., að viðbættu meðlagi með börnunum frá krossmessu (hefði, eptir því sem áður er sagt, átt að vera frá fardögum) 1894 til 27. júlí s. á., 28 kr. 72 a., og loks á 16 kr. 33 a. fyrir fót, sem hreppsnefndin keypti handa börnunum til ferðarinnar. Alls var krafa Norðfjarðarhrepps 91 kr. 47 a. Hreppsnefndin í Ljósavatnshreppi neitaði að endurgjalda Norðfjarðarhreppi hinn veitta styrk, meðal annars af þeirri ástæðu, að tilkynning um styrkinn hafi komið of seint fram af hálfu Norðfjarðarhrepps. Þessa ástæðu hreppsnefndarinnar í Ljósavatnshreppi fyrir neitun hennar um að endurgreiða styrkinn hafði þjer tekið gilda og því kveðið svo á um í áðurnefndum úrskurði yðar, með skírskotun til landshöfðingjabrjefa 17. nóvbr. 1874 (Stjtið. 1874, B bls. 27) og 10. marz 1888 (Stjtið. 1888, B, bls. 57), að Norðfjarðarhreppur skuli hafa fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds af hálfu Ljósavatnshrepps, með því að láta svo óhæfilega langan tíma líða frá styrkveitingunni (27. nóvbr. 1893) þangað til hún var tilkynnt (27. júlí 1894).

Jeg verð nú að vera yður samdóma um það, að Norðfjarðarhreppur hafi fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds af hálfu Ljósavatnshrepps á meðlaginu með börnum Fridfinns, samtals 75 kr. 14. a., af þeim ástæðum, sem þjer tilfærið. Apturámóti virðist Ljósavatnshreppur ekki geta hjá því komizt að endurgreiða Norðfjarðarhreppi þær 16 kr. 33 a., sem varið var til að kaupa nauðsynleg fót handa börnunum, er þau voru send á sveit sína sumarið 1894. Að vísu hefir hreppsnefnd Ljósavatnshrepps mótmælt þessum lið kröfunnar sjerstaklega, vegna þess að úr því fullt meðlag hafi verið greitt með börnunum, þá hafi sá, sem börnin voru hjá, átt að útbúa þau að nauðsynlegum klæðnaði. Þessi mótbára hreppsnefndarinnar virðist vera með öllu ástæðulaus, því að nefndin virðist fyrst og fremst eigi geta fært sjer í nyt hina umræddu meðlagsgreiðslu, sem hún hefir neitað að endurgjalda og leysist frá að endurgreiða. Svo var og sá, er börnin voru hjá, sjálfur á sveit, svo að að líkindum hefði ekki gagnað að heimta klæðnaðinn af honum. Loks var hjer ekki að ræða um venjulegt ómaga-meðlag. Það úrskurðast því hjermeð, að Ljósavatnshreppur skuli greiða Norðfjarðarhreppi 16 kr. 33 a.

Þess skal getið, að dráttur sá, er orðið hefir á máli þessu eptir 27. júlí 1894, virðist eigi vera hreppsnefndinni í Norðfjarðarhreppi að kenna.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar, og birtingar hlutaðeigendum.

Reglur um

úthlutun styrks úr styrktarsjóðum handa alþýðufólki.

128 16. nóv. Samkvæmt 5. gr. laga 18. desbr. 1897 um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki, eru hjermeð, eptir tillögum amtsráðanna, samdar ept-